

Mánudaginn 20. janúar 1997.

Nr. 27/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Arnari Þór Ragnarssyni og

Þorgrími Marteini Benjamínssyni

(enginn)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 8. janúar 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands 8. janúar að viðstöddum fulltrúa ákærvaldsins. Samkvæmt yfirlýsingu fulltrúa héraðsdómara barst kera sóknaraðila héraðsdómi 13. sama mánaðar, og liggur ekkert fyrir í málinu, sem hnekkir því. Þriggja sólarhringa kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 var því liðinn, þegar kera barst. Er málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Málinu er vísað frá Hæstarétti.